

5. nóvember 2014

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á 3. ársfjórðungi 2014:

Besta EBITDA ársfjórðungsniðurstaða í sögu félagsins

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir 3F ársins 2014 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 5. nóvember 2014.

- EBITDA hagnaður ársfjórðungsins jókst um 4% og nam 1.023 m.kr. Þetta er í fyrsta skipti sem EBITDA hagnaður félagsins fer yfir milljarð króna á fjórðungi og þar með sá mesti í sögu félagsins
- Góð EBITDA niðurstaða skýrist einkum af markvissum kostnaðaraðgerðum og góðri tekjustýringu
- Framlegð jókst um 7% á tímabilinu – 8% aukning á fyrstu níu mánuðum ársins
- Kostnaðarverð lækkaði um 10% á ársfjórðungnum – lækkun 5% á fyrstu níu mánuðum ársins
- Tekjur drógust saman um 2% á fjórðungnum – tekjuaukning á fyrstu níu mánuðum ársins 1%
- Rekstrarkostnaður er 6% hærri en árið áður – öðru fremur vegna hærri fjárfestinga á fjórðungnum og innri kostnaðar sem fellur mismunandi til á milli fjórðunga
- Hagnaður eftir skatta nam 476 m.kr. á ársfjórðungnum, jókst um 15%, og hefur einnig ekki verið hærri á fjórðungi. Hagnaðaraukning eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 821 m.kr. eða 27%
- Eiginfjárhlutfall er nú 53% og hefur aldrei verið sterkara

Lykiltöluyfirlit:

	3F 2014	3F 2013	Breyt.	% breyt.	9M 2014	9M 2013	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.362	3.423	-61	-2%	9.829	9.746	83	1%
Kostnaðarverð	(1.611)	(1.790)	-179	-10%	(5.106)	(5.385)	-279	-5%
Framlegð	1.751	1.633	118	7%	4.724	4.361	363	8%
Rekstrarkostnaður	(1.057)	(1.000)	57	6%	(3.376)	(3.175)	201	6%
EBITDA	1.023	990	33	4%	2.330	2.261	69	3%
EBIT	694	633	61	10%	1.348	1.186	162	14%
Hrein fjármagnsgjöld	(101)	(117)	-16	-13%	(327)	(382)	-55	-15%
Hagnaður tímabilsins	476	415	61	15%	821	645	176	27%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>52,1%</i>	<i>47,7%</i>			<i>48,1%</i>	<i>44,7%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>30,4%</i>	<i>28,9%</i>			<i>23,7%</i>	<i>23,2%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>20,6%</i>	<i>18,5%</i>			<i>13,7%</i>	<i>12,2%</i>		



Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Niðurstaða þriðja ársfjórðungs Fjarskipta er ánægjuleg. EBITDA-hagnaður félagsins fór í fyrsta skipti yfir milljarð á ársfjórðungi og hefur aldrei verið meiri í sögu félagsins. Góð niðurstaða skýrist helst af markvissum kostnaðaraðgerðum og tekjustýringu. Tekjur voru stöðugar en á sama tíma tókst með markvissum aðgerðum að lækka kostnaðaverð sem bætir framlegð umtalsvert. Hagnaður er einnig að aukast samhliða lægri afskriftum og sterkari efnahag félagsins og hefur sömuleiðis aldrei verið betri.

Mörg mikilvæg skref voru stigin í lykilverkefnum félagsins á tímabilinu. Fjárfestingar halda áfram að byggja undir öfluga þjónustu Vodafone. Háhraðaðþjónustusvæði félagsins stækkar áfram með fjölgun 3G og 4G senda um allt land, einnig á haf út til sjófarenda, sem þegar er farið að skila sér í fjölgun viðskiptavina í sjávarútvegi. Uppbygging endurbætts sjónvarps- og dreifikerfis er vel á veg komin og á áætlun. Nýtt dreifikerfi mun gefa tugþúsundum áhorfenda kost á stórauðinni sjónvarpsþjónustu. Þá opnaði endurbætt verslun Vodafone á Akureyri formlega á dögunum, sú fyrsta hér á landi samkvæmt nýrri forskrift Vodafone Global. Á ársfjórðungnum var jafnframt lögð lokahönd á nýja stefnu fyrir félagið auk þess sem áfram var unnið að styrkingu innviða og öryggismála. Allt framangreint eru mikilvæg verkefni sem styrkja félagið til framtíðar.“

Rekstrarafkoma á 3. ársfjórðungi 2014:

Tekjur samstæðunnar á 3. ársfjórðungi 2014 námu 3.362 m.kr. og lækkuðu um 2% eða 61 m.kr. í samanburði við sama tímabil 2013. Sjónvarpstekjur jukust um 31 m.kr. eða 8% og aðrar tekjur jukust um 14%, einkum af vörusölu og heildsölu. Tekjur af interneti drógust saman um 9 m.kr. eða sem nemur 1%. Breytingar á lúkningarverðum, sem lækkuðu verulega um áramót samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, halda áfram að hafa áhrif tekjur félagsins. Tekjur af farsíma lækkuðu um 100 m.kr., sem að stórum hluta má rekja til fyrrnefndra breytinga. Gjöld félagsins vegna sömu breytinga lækkuðu hins vegar meira og því voru nettóáhrif þeirra jákvæð fyrir félagið.

Framlegð fjórðungsins nam 1.751 m.kr. og hækkaði um 118 m.kr. eða 7% frá þriðja ársfjórðungi 2013. Rekstrarkostnaður nam 1.057 m.kr. á tímabilinu og hækkaði um 57 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2013, sem kemur einkum til vegna hærri fjárfestinga á fjórðungnum og innri kostnaðar sem fellur mismunandi til á milli ára. Framlegð fyrstu níu mánaða ársins hækkaði um 8% á milli ára og rekstrarkostnaðurinn um 6%.


EBITDA hagnaður tímabilsins nam 1.023 m.kr. og hækkaði um 4% frá sama fjórðungi 2013. Þetta er mesti EBITDA hagnaður félagsins á ársfjórðungi frá upphafi. EBITDA hlutfall tímabilsins var 30,4%.

Hrein fjármagnsgjöld á ársfjórðungnum lækkuðu um 13% milli ára og námu 101 m.kr. á tímabilinu. Lækkunin skýrist öðru fremur af lægri hreinum vaxtaberandi skuldum en á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 593 m.kr. og hækkaði um 77 m.kr. frá 3. ársfjórðungi 2013. Reiknaður tekjuskattur var 117 m.kr. og hagnaður fjórðungsins nam því 476 m.kr. sem er hækkun um 15% frá fyrra ári.

Breytingar á lúkningaverðum halda áfram að gera samanburð milli ára erfiðari en annars væri. Þannig lækkuðu tekjur Vodafone á 3. ársfjórðungi um 72 m.kr. vegna breytinga á lúkningaverðum, kostnaðarverð lækkaði hins vegar um 89 m.kr. á sama tímabili. Breytt lúkningaverð munu hafa áhrif á samanburð allra ársfjórðunga við sömu fjórðunga ársins 2013.

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2010



Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2014:

Handbært fé frá rekstri 3. ársfjórðungs 2014 nam 847 m.kr. og jókst um 10% á milli ára. Áhrif frömpungra fjárfestinga ársins halda áfram og námu fjárfestingahreyfingar á fjórðungnum 415 m.kr. sem er 119 m.kr. hækkun frá sama ársfjórðungi í fyrra. Styrking á sjónvarpsdreifikerfi félagsins vegna dreifi- og þjónustusamnings við RÚV og uppbygging 4G þjónustu veldur því að fjárfestingar dreifast með öðrum hætti nú en á árinu 2013.


Fjárfestingarnar eru áfram í samræmi við áætlanir félagsins. Áður uppgefin fjárfestingaviðmið fyrir árið í heild eru óbreytt en félagið verður við efri mörk fjárfestingaviðmiða eins og kom fram við síðasta uppgjör.

Handbært fé í lok tímabilsins nam 470 m.kr. sem var 193 m.kr. hærra en í upphafi þess.

Efnahagur 30. september 2014:

Efnahagur félagsins helst áfram sterkur. Eigið fé í lok tímabilsins var 8.344 m.kr. Eiginfjárlutfall var 53% og hefur ekki verið hærra frá upphafi. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.404 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 5.446 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 4.976 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,6. Veltufjárlutfall var sömuleiðis 1,6.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 3F Breytingar á tímabilinu



Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Skerpt var á sameiginlegum markmiðum allra starfsmanna á haustmánuðum, þegar skipulagi var breytt og hafin innleiðing á nýju hlutverki, sýn og stefnu félagsins.
- Mikil áhersla hefur verið lögð á tekjustýringu og breytta aðferðafræði við áætlanagerð hjá félaginu. Við tekjustýringu og virðisgreiningu er byggt á aðferðafræði Vodafone Global og við áætlanagerð er notast við Beyond Budgeting ferlið sem styrkir yfirsýn yfir rekstur félagsins á hverjum tíma. Áfram hefur einnig verið unnið að styrkingu innviða og öryggismálum á þriðja ársfjórðungi.
- Fyrirhuguð stofnun samrekstrarfélags Vodafone og Nova er áfram til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu, á grundvelli undanþágubeiðnar frá málsaðilum. Sem kunnugt er heimilaði Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) félögumum fyrr á árinu að samnýta hluta tíðna sinna í hinu sameiginlega rekstrarfélagi. Síminn hefur nú stefnt þeirri ákvörðun PFS fyrir dómstóla og krafist ógildingar. Snýr máлshöfðun Símans eingöngu að samnýtingu tíðna og kemur ekki í veg fyrir samrekstur félaganna tveggja verði hann heimilaður af Samkeppniseftirlitinu.
- Emerald verkefnið hefur gengið hægar en upphaflega var áætlað og er nú sem fyrr háð óvissu um endanlega niðurstöðu. Félagið verður ekki fyrir fjárhagslegum skaða þó verkefnið tefjist eða ekki verði af því.
- Vodafone býður M2M lausnir til viðskiptavina sinna auk þess sem samvinna er við íslensk nýsköpunarfyrirtæki og Vodafone Global um þróun og sölu slíkra lausna. Vodafone Global er leiðandi aðili á sviði M2M á heimsvísu.
- Markvissar fjárfestingar halda áfram:
 - Háhraðabjónustuvæði Vodafone heldur áfram að stækka og styrkjast. 4G uppbygging félagsins er unnin á hagkvæman hátt með uppsetningu langdrægra 4G senda vítt og breytt um landið. Nýjasta viðbóttin er einnig öflugt 4G samband fyrir sjófarendur.
 - Uppbygging á nýju sjónvarpsdreifikerfi samkvæmt þjónustusamningi við RÚV gengur vel og er á áætlun. Stefnt er að því að uppsetningu nýs kerfis verði lokið um land allt í árslok sem mun veita tugum þúsunda áhorfenda aðgang að bættri sjónvarpsþjónustu.
 - Ný og endurbætt verslun Vodafone, sú fyrsta samkvæmt nýrri forskrift Vodafone Global hér á landi, opnaði formlega á Akureyri á tímabilinu. Við breytinguna stóreflist aðstaða félagsins á Norðurlandi til að þjónusta jafnt einstaklinga sem og fyrirtæki í viðskiptum.
- Framkvæmd endurkaupaáætlunar félagsins (sjá tilkynningu frá 20. ágúst 2014) hófst á þriðja ársfjórðungi. Þann 31. október hafði félagið fest kaup á 2.636.110 eigin hlutum og átti að viðskiptunum loknum 0,77% af útgefnum hlutum í félaginu. Samkvæmt áætluninni munu endurkaupin nema að hámarki 9.400.000 hlutum eða sem nemur 2,8% af útgefnum hlutum í félaginu, þó ekki meira en 300.000.000 kr. að kaupverði. Endurkaupaáætlunin gildir til 28. febrúar 2015 nema ef kaupum samkvæmt henni verður lokið áður.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2014

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2014 eru óbreyttar:

- EBITDA hagnaður ársins 2014 verði á bilinu 2,9 til 3,1 milljarður króna
- Fjárfestingahlutfall verði á bilinu 10 til 12%



Kynningarfundur 6. nóvember 2014:

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 6. nóvember 2014 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Á fundinum munu Stefán Sigurðsson, forstjóri, og Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrarsviðs, kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/fjarfestatengsl

Fjárhagsdagatal 2014:

- ✓ Uppgjör 1F 2014: 7. maí 2014
- ✓ Uppgjör 2F 2014: 20. ágúst 2014
- ✓ Uppgjör 3F 2014: 5. nóvember 2014
- ✓ Uppgjör 4F 2014: 18. febrúar 2015

Aðalfundur 2015 verður haldinn í viku 12 árið 2015.

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.